



# Áherslur dómaranefndar KKÍ 2011 - 2012

**Framkoma:** Dómgæsla er erfitt starf. Dómaranefnd telur óásættanlegt að dómarar þurfi að þola mótmæli og athugasemdir í því mæli sem verið hefur undanfarin ár af hálfu leikmanna og þjálfara. Dómarar gera mistök og liðin skulu gera ráð fyrir mótlæti í undirbúningi sínum og stefnt skal að mótmælalausum leik.

Auk þessa að fylgja reglunum um tæknivillur skulu dómarar meta hvort ekki sé rétt að dæma tæknivillur á leikmenn og þjálfara þegar þeir :

- Láta óánægju sína í ljós þannig að allir sjái, t.d. með handahreyfingum, svipbrigðum eða með því að hlaupa eða ganga í burtu.
- Biðja um tækni-, brottrekstrar- eða óíþróttamannslegar villur á mótherja sína.
- Ganga eða hlaupa ákveðið að dómaranum til að mótmæla ákvörðun hans.
- Jafnvel nota einfaldar upphrópanir á borð við “ertu ekki að grínast?”
- Ganga of langt í magni samskipta. Það er ekki eðlilegt að dómarar þurfi stöðugt að vera í samskiptum við sama aðilann.

Að sjálfsgöðu leysir þetta ekki dómarana undan þeim skyldum að eiga góð og kurteisleg samskipti við þátttakendur leiksins. Ekki er ætlast til þess að þátttakendur leiksins geti ekki tekið þátt af innlifun eða sýnt tilfinningar en bregðast skal hart við síendurteknum mótmælum og tuði.

**Hagnaðarreglan:** Þvert á það sem margir halda er hagnaðarreglan hornsteinn góðrar dómgæslu. Ef brotlegur aðili hagnast ekki á broti sínu eða liðið sem brotið var gegn verður ekki fyrir óhagræði hefur ekkert brot í raun átt sér stað.

**Skrín:** Gera skal ríka kröfu um að sá sem setur upp hindrun (skrín) sé kyrrstæður, með báða fætur á gólfi og innan síns sylinders. (grein 33.7 í leikreglum)

**Svindl:** Að reyna að „fiska“ villur á andstæðinga sína með því að láta líta út fyrir að ólögleg snerting hafi átt sér stað eða gera meira úr snertingu en efni standa til er svindl og ber að refsa fyrir. Snertingar eru hluti leiksins og það er hlutverk leikmanna að reyna að standa í fæturnar. Dómarar skulu refsa þeim sem ýkja snertingar jafnvel þó á þeim hafi verið brotið.

**Leikbrot:** Taka skal hart á því þegar leikmenn taka aukaskref í upphafi knattraks (“spóla af stað”) sem og að hreyfa stoðfótinn í hreyfingum nálægt körfunni. Þá skal hart tekið á því þegar leikmenn hagnast á því að „sópa“ knettinum þ.e. að láta knöttinn stöðvast augnablik í hendi leikmanns í knattraki þegar hann beitir hraða- eða stefnubreytingu til að komast framhá varnarleikmanni

**Leikmannaskipti:** Dómarar skulu fylgja eftir að leikmannaskipti fari fram skv. leikreglum. Varamenn skulu óska leikmannaskipta en ekki þjálfara og varamenn skulu ekki koma inn á völlinn fyrr en dómarar hafa gefið þeim leyfi með handabendingu. Komi varamenn inná án þess að hafa fengið til þess leyfi skal dómari senda þá undantekningalaust útaf aftur og láta leikmannaskiptin fara rétt fram.

**Samskipti utan vallar:** Fulltrúar liða þurfa samþykki fomanns dómaranefndar til að hafa samband við dómara að fyrrbragði á keppnistímabilinu nema til að staðfesta ferðatilhögun eða greiðslur reikninga.

**Góður endir:** Eitt mikilvægasta atriðið fyrir dómara er að tryggja ánægjulegan endi í leikjum:

- Eðlileg niðurstaða leiksins miðað við hvernig atvik þróuðust
- Fáar eða engar uppákomur varðandi ritaraborð
- Engir skrýtnir dómar – ákvarðanir oftast fyrirsjáanlegar (eðlilegar)
- Lið ganga af velli sátt - helst viljug til að þakka andstæðingum og dómurum fyrir leikinn
- Leikjum vel stjórnað á þann hátt að óhófleg framkoma leikmanna og þjálfara er ekki áberandi
- Dómarar hafi góða tilfinningu fyrir leiknum og dæmi það sem er rétt fyrir leikinn.